

Námsáætlun fyrir íslensku - 10. bekkur
skólaárið 2021 – 2022



Kennari: Einar Sveinn Guðmundsson, Særún Rósa Ástþórsdóttir

Tímafjöldi: 6 kennslustundir á viku (2 kennslustundir í viku falla undir Bræðing)

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
Talað mál, hlustun og áhorf	Nemandi geti <ul style="list-style-type: none"> • flutt mál sitt skýrt og áheyrilega, • tekið virkan þátt í samvinnu og samræðum, tjáð skoðanir sínar og rökstutt þær, • notað upplýsingar úr ýmsum miðlum sér til fróðleiks og skemmtunar, • átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi. 	Nemendum er gefið tækifæri á að segja frá eigin reynslu og hugmyndum, taka þátt í umræðum um bókmenntir og kynna verkefni sín. Nemendur fá þjálfun í hlustun og einnig er horft á kvikmyndir tengdar bókmenntum sem lesnar verða. Nemendur lesa upp ljóð og/eða stutta texta og fá leiðbeiningar um vandaðan upplestur.	Þátttaka í umræðum og tímavinnu. Stuttar ræður.
Lestur og bókmenntir	Nemandi geti <ul style="list-style-type: none"> • lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, sér til gagns og gamans, • greint og skilið aðal- og aukaatriði í margs konar texta og tengsl efnisatriða; og beitt mismunandi aðferðum við lestur, • lesið, túlkað, metið og fjallað um bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta, 	Lesnar verða Gísla saga Súrssonar, Vertu ósýnilegur (eða aðrar sögur sem hægt er að velja á milli) og aðrir fjölbreyttir textar (Með fjaðrabliki). Unnið verður með bókmenntahugtök og stílbrögð. Lesskilningur efldur með markvissum æfingum. Sögurnar tvær verða unnar í lotum í Bræðingi.	Verkefni, kannanir og ritgerðir úr bókmenntum. Lesskilningskannanir. Lesfimipróf.

	<ul style="list-style-type: none"> • beitt og skilið nokkur grunnhugtök í bókmenntafræði. 		
Ritun	<p>Nemandi geti</p> <ul style="list-style-type: none"> • skrifað skýrt og greinilega, notað orðabækur og önnur hjálpargögn, gengið frá texta • beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar, • tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli, • beitt reglum um réttiritun • valið og skrifað mismunandi textagerðir, notað helstu aðgerðir við ritvinnslu. 	<p>Stafsetningarreglur rifjaðar upp og unnið með þær. Ritunaræfingar af ýmsum toga.</p>	<p>Ritunarverkefni. Stafsetningarverkefni og kannanir. Tímaritgerð.</p>
Málfræði	<p>Nemandi geti</p> <ul style="list-style-type: none"> • beitt helstu málfræðihugtökum, • valið orð í tali og ritun í samræmi við málsnið, gert sér grein fyrir mikilvægi þess að rækta orðaforðann og nýtt reglur um orðmyndun og einingar orða við ritun, • flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðabókum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna, 	<p>Áhersla verður lögð á einkenni og hlutverk orðflokka, setningafræði og málnotkun.</p>	<p>Verkefni og málfræðikannanir.</p>

	<ul style="list-style-type: none"> • áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka. • notað fleyg orð, algeng orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auðga mál sitt, • gert sér grein fyrir mismunandi málnotkun og málsniði eftir efni og tilefni. • áttað sig á skyldleika íslensku við önnur tungumál og sífelldan breytileika þeirra. 		
<p>Námsgögn: Gísla saga Súrssonar, Vertu ósýnilegur (Mýrin-Englar alheimsins-Djöfaeyjan-Gauragangur, nemendur geta valið milli þessara bóka í Bræðingslotu), Mér er í mun, Heimir, ljósritað efni (Orðhákur 2, Stafur á bók o.fl), ýmsar handbækur.</p>			
<p>Lokanámsmat: Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt. Í lok skólaárs verður hæfnin tekin saman og fá þá nemendur bókstafseinkunn, A, B+, B, C+, C, D.</p>			